

**Ed.**

**782. Breytingartillögur**

[193. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og l. nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Framan við 1. gr. frv. bætist ný grein, svo hljóðandi:

5. gr. laga nr. 70 1947 orðist svo:

Til húsbýgginga og annarra mannvirkja þarf leyfi fjárhagsráðs.

Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smábúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk þeirra.

Enn fremur skal ákveðið í reglugerð, að tiltekna minni háttar framkvæmdir, svo sem bygging útihúsa í sveitum og verbúða, séu heimilar án fjárfestingarleyfis.

Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

2. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.